BORGARRÁÐ 1. október 2026: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um niðurlagningu stöðugilda teymisstjóra í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk í Reykjavík - MSS26100001

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir upplýsingum um niðurlagningu stöðugilda teymisstjóra í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Um er að ræða eftirfarandi íbúðakjarna: Stjörnugróf 11, Árland 10, Barðastaðir 35, Þorláksgeisli og Brekknaás 6. Hversu mörg stöðugildi voru lögð niður? Munu einhverjir af þessum starfsmönnum fá boð um önnur störf? Af hverju var þessi ákvörðun tekin? Var haft samráð við forstöðumenn íbúðakjarnana um þessa ákvörðun? Hvers vegna hefur þessi ákvörðun ekki verið lögð fram til umræðu og afgreiðslu í borgarráði eða velferðarráði?